

Litir og línuteikning - 2 skipti

Leiðbeinandi: Gunnhildur Helgadóttir
list- og handverksleiðbeinandi

Við ætlum að leika okkur með vatnsliti og prufa mismunandi aðferðir við að skapa skemmtilegann bakgrunn, yfir hann teiknum við myndir með allskonar pennum og í lokinn veljið þið eina af ykkar myndum sem verður sett í ramma.

Tímabil: 2. og 4.apríl

Kennt þri og fim, kl. 15:00-16:30

Verð: 4.000.-

Kennt í Rósenborg/Punktinum 1. hæð.

Skólastíg 2.

Lágmark 4 börn. Hámark 8 börn.



Akureyrarbær

SAMFÉLAGSSVIÐ

Samkvæmt könnun sem við gerðum vorið 2018 kemur í ljós hversu mikil þörf er á námskeiðum sem efla sjálfstæði og sjálfsöryggi. Einnig var óskað eftir námskeiði sem eflir næringar- og heilsuvitund. Við reynum því eftir bestu getu að mæta kröfum foreldra og barna.

Skipulagt tómskundastarf hefur ótvírætt forvarnargildi þar sem starfið stuðlar að jákvæðum og þroskandi samskiptum, örvar félagsþroska og lýðræðisvitund ásamt því að styrkja sjálfsmynd barna og unglinga.

Félagsmiðstöðvar Akureyrar bjóða upp á lokað hópastarf á miðstigi innan hvers skóla. Þar er lögð áhersla á jákvæð samskipti, að styrkja sjálfsmynd barna og efla félagslega færni þeirra. Að auki er boðið upp á opið starf félagsmiðstöðvanna. Nánari upplýsingar hjá olafiag@akureyri.is

Tómskundastarf
grunnskóla Akureyrar
Punkturinn
Rósenborg
Skólastígur 2
Sími 460 1244

Netfang:
tomstund@akureyri.is

GLERÁRSKÓLI

Tómskundastarf
barna
jan-maí
4.-7. bekkur
2019



Óbyggðirnar kalla

Flottar figúrur úr fimoleir - 2 skipti

Leiðbeinandi: Guðrún Björg Eyjólfsdóttir

list- og handverksleiðbeinandi.

Búum til krúttlegar og flottar figúrur og dýr til að hengja á töskur, pennaveski, hálsmen eða hvað sem ykkur dettur í hug.

11. og 13.mars, mán og mið, kl 15-16:30.

Verð: 4.000,-

Kennt í Rósenborg, Punktinum 1. hæð. Skólastíg 2.

Lágmark 4 börn. Hámark 8 börn.

Óbyggðirnar kalla - 4 skipti

Leiðbeinandi: Jón Heiðar Rúnarsson

björgunarsveitamaður og fjallaleiðsögumaður

Getur þú lifað af úti í óbyggðunum? Hvað gerir þú ef þú slasar þig, lendir í snjóflóði eða týnist? Á þessu námskeiði lærir þú að „lifa af“, lesa af landakorti, klæða þig rétt, nota áttavita og einnig prófum við klifurvegginn.

Tímabil: 12. 14. 19.og 21.mars

Kennt þriðjudaga og fimmtudaga kl. 16:00-18:00

Verð: 6.900.-

Kennt í Rósenborg, Punktinum 1. hæð. Skólastíg 2.

Lágmark 4 börn. Hámark 5 börn.

Það er leikur að leira - 3 skipti

Leiðbeinandi: Gunnhildur Helgadóttir

list- og handverksleiðbeinandi.

Á þessu námskeiði lærum við að handmóta okkar eigin bolla, glas eða skál. Við skoðum mismunandi skreytiaðferðir og leyfum huga og hönd að vinna vel saman.

Tímabil: 5. 12. og 19.feb, þri, kl 15-16:30.

Verð: 5.700.-

Kennt í Rósenborg, Punktinum 1. hæð. Skólastíg 2.

Lágmark 2 börn. Hámark 4 börn.

Tilraunir og tækni - 2 skipti

Leiðbeinandi: Arnar Yngvason

list- og handverksleiðbeinandi.

Einfaldar tilraunir með segla, lágspennt rafmagn og ljós. Lítið leikfangavélmenni forritað. Skemmtilegt námskeið til að vekja áhuga barna á tækni og æfa rökhugsun. Og auðvitað endum við á að búa til slím!!

Tímabil: 30.apríl og 2.maí, þri og fim, kl 15-16:30.

Verð: 4.000.-

Kennt í Rósenborg, Skólastíg 2, 1. hæð.

Lágmark 4 börn. Hámark 8 börn.

Ágæti nemandi og foreldri !

Þá hefst tómskundastarfið á nýjan leik. Eitt af markmiðum samfélagssviðs er að leitast við að gera öllum börnum og unglingum kleift að sækja tómskundastarf að skóladegi loknum.

Frístundastyrkurinn er nú 35.000 kr.

Ef þú þarft aðstoð við skráningu eða óskar eftir að nota frístundastyrk

Akureyrarbæjar fyrir námskeið, þarf að senda tölvupóst á tomstund@akureyri.is

ATH ekki verður opnað fyrir skráningu fyrr en **kl 16:30 daginn sem kynningin fer fram.**

Það sama gildir með skráningu í gegnum tölvupóst. Reynt er eftir bestu getu að búa til ný námskeið fyrir börn sem lenda á biðlista.

Skráning á biðlista er með tölvupósti. Skráning fer fram á matartorgi skólans.

Námskeiðsgjald er ekki endurgreitt, nema ef um veikindi er að ræða.

Ef barnið þitt þarf aukna aðstoð eða er að kljást við hegðunarvanda óskum við eftir að vera látin vita af því svo hægt sé að gera ráðstafanir.

Skráningar og mætingar eru að sjálfsgöðu á ábyrgð forráðamanns og er því ekki minnt á námskeið.

Einnig er hægt að nálgast bæklinginn á á heimasíðu Rósenborgar www.akureyri.is/rosenborg

Með góðri kveðju starfsfólk tómskundastarfsins

Brjóstsykursgerð - 2 skipti

Leiðbeinandi: Dögg Tavsén

list- og handverksleiðbeinandi

Búnar til ýmsar tegundir af dásamlegum brjóstsykri.

Tímabil 1: 11. og 13.feb, mán og mið, kl 15-16:30.

Tímabil 2: 26. og 28.mars, þri og fim, kl. 15-16:30.

Verð: 4000.-

Kennt í Rósenborg 2.hæð Skólastíg 2.

Lágmark 4 börn. Hámark 8 börn.

Tálgun - 4 skipti

Leiðbeinandi: Ólafur Sveinsson

myndlistamaður og kennari.

Farið verður í grunn-atriði hnífsins, hvernig er hnífnum beitt og tæknina.

Tálgaðar litlar figúrur t.d. fuglar, karlar eða annað skemmtilegt.

Tímabil: 18. 20. 25. og 27.feb

Kennt mánudaga og miðvikudaga. kl. 16:30-18:00.

Verð: 6.900.-

Kennt í Rósenborg, Punktinum 1.hæð Skólastíg 2.

Lágmark 4 börn. Hámark 5 börn.

Framandi furðuverur - 3 skipti

Leiðbeinandi: Hreinn Halldórsson

alþýðulistamaður

Er þetta dreki? Er þetta geimköttur? Eða er þetta kannski arevuðruf? Ný tegund af furðuveru sem þú býrð til !! Skemmtilegt námskeið þar sem sköpunargleðin fær lausan tauminn.

Tímabil: 6. 7. og 11.feb

Kennt: mið-fim-mán, kl 15:00-16:30

Verð: 5.700.-

Kennt í Rósenborg, Punktinum 1. hæð. Skólastíg 2.

Lágmark 4 börn. Hámark 5 börn.

Létt og ljúffengt á Lemon - 2 skipti

Leiðbeinandi: Katrín Ósk og Jóhann

Eigendur veitingastaðarins Lemon.

Komdu á Lemon og lærðu að gera ljúffenga djúsa og samlokur. Svo fær hópurinn að hanna „djús vikunnar“ á Lemon og kannski finna flott nafn á hann.

Tímabil: 19. og 21.mars

Kennt: þri og fim. kl. 15:00-16:30

Verð: 4.500.-

Kennt á Lemon, Ráðhústorgi.

Lágmark 8 börn. Hámark 10 börn.